



Heilbrigðisstofnun Austurlands
Austurvegur 20, 730 Reyðarfjörður,
sími 470-1400, bréfs. 470-1409, kt 610199-2839

Heilbrigðisnefnd Alþingis

Alþingi
Erindi nr. P 131/1326
komudagur 15.4.2005

Efni: Umsögn Heilbrigðisstofnunar Austurlands um tillögu til þingsályktunar um könnun á geðheilsu eldri borgara 71. mál 131 löggjafarþing 2004-2005.

Stofnunin þakkar fyrir að hafa fengið þingsályktunartillöguna til umsagnar. Leitað var álits lækna ráðs og hjúkrunarráðs stofnunarinnar á tillögunni.

Lækna ráð telur að með tillögunni sé hreyft mjög mikilvægu og þörfu máli. Stjórn hjúkrunarráðs tekur undir það en bendir á að á vegum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins hafi verið unnin skýrsla árið 1998 um stefnumótun í málefnum geðsjúkra. Þar er meðal annars fjallað um geðheilbrigðisþjónustu aldraðra.

Með vísan til þessarar skýrslu er lagt til að þingsályktunartillagan verði ekki einskorðuð við rannsóknir á þunglyndi aldraðra heldur nái hún til allra geðsjúkdóma aldraðra.

Fyrir hönd HSA 14. apríl 2005.

Virðingarfyllst,

Stefán Þórarinnsson lækningaforstjóri.